
Strenglagning um Brekkjugjá

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 21. október 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá RARIK ohf. um fyrirhugaða strenglagningu um Brekkjugjá, á mörkum Fjarðabyggðar og Seyðisfjarðarkaupstaðar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fjarðabyggðar, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Ísland og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Strenglagning um Brekkjugjá. Tilkynning til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum, október 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Fjarðabyggð með bréfi dags. 11. nóvember 2016.
- Seyðisfjarðarkaupstað með bréfi dags. 1. desember 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 2. nóvember 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 4. nóvember 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. nóvember 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 3. nóvember 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Í gögnum með tilkynningu RARIK kemur fram að framkvæmdin, strenglagning um Brekkjugjá, sé fyrirhuguð á nærsvæði núverandi raflínustæðis sem liggur inn Austdal í Seyðisfirði og um Brekkjugjá til Mjóafjarðar. Svæðið er á mörkum Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fjarðarbyggðar og liggur í um 900 m hæð yfir sjávarmáli. Loftlínan bilaði í miklu ísingarveðri í janúar 2014 þar sem brotnuðu 18 staurar. Til þess að koma rafmagni til Mjóafjarðar var, sem neyðarráðstöfun, lagður jarðstrengur yfir Brekkjugjá til bráðabirgða á snjó yfir háskarðið og ca. 1 km hvoru megin.

Í greinargerð RARIK kemur fram að framkvæmdin felist í því að grafa 11 kV streng niður á 2 km kafla yfir háskarðið efst í Austdalnum um Brekkjugjá og hylja hann. Hinn valkosturinn er að endurreisa loftlínuna yfir skarðið en loftlínan í sjálfum Austdalnum sem byggð var 1975 stendur óbreytt og er ekki átt við hana með neinum hætti.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð RARIK er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvort hefði meiri inngrip umhverfislega, ný strenglög eða enduruppsetning á eldri loftlínu. Að mati framkvæmdaraðila mun strenglög hafa minni inngrip heldur en endurnýjun á eldri loftlínu. Að mati framkvæmdaraðila munu ummerki strenglagningar mást út og til frambúðar verða minna rask þar sem ávallt er sú hættu til staðar að endurnýja þurfi loftlínu á nýjan leik vegna mikillar ísingarhættu á þessu svæði. Einnig bendir framkvæmdaraðili á að viðkomandi strengur er að stórum hluta ársins undir snjó sökum þess hve hátt viðkomandi framkvæmd liggur. Fram kemur í skýrslu framkvæmdaraðila að



um á um 700 m kafla muni strengleiðin liggja um Austdal sem sé á náttúruminjaskrá, innan Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Fram kemur í greinargerð RARIK að gert hafi verið samkomulag við landeigendur í Austdal um hvernig staðið skuli að flutningi tækja og manna til og frá vinnusvæðinu í Brekkugjá þannig að sem minnst rask hljótist af. Fyrirhugað er að nota gamla slóða inn dalinn sem að einhverju eða öllu leyti er frá línulögninni á sínum tíma og mun ekki þurfa að lagfæra hann. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ekkert efni verði flutt á eða frá vinnusvæðinu umfram það sem tengist strengnum sjálfum. Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á að eiga við línuslóðann sem þegar liggur upp með loftlínunni í Austdalnum vegna strengvinnunnar.

Í greinargerð framkvæmdaraðila er einnig minnst á þann möguleika að gera við núverandi loftlínu og reisa að nýju staura í stað þeirra sem brotnuðu. Að mati RARIK er sá kostur mun lakari hvað varðar afhendingaröryggi raforku til Mjóafjarðar þar sem því fylgir þá áfram ísingar- og bilanahætta. Slík endurbýgging á línunni, muni að mati framkvæmdaraðila, velda meira raski en að grafa niður þennan streng sem lagður var sem neyðarráðstöfun í janúar 2014. Bendir framkvæmdaraðili á að tækjabúnaður og flutningur á honum, vegna viðgerðar á línunni, er meiri en þarf til að grafa strenginn niður og mundi hafa meiri umferð eftir slóðanum í Austdal í för með sér.

Fram kemur að ráðgert sé að strengurinn verði grafinn mjög grunnt þar sem víða er lítill jarðvegur og mikið um urð og grjót. Þar sem hann er grynntur yrði strengurinn klæddur hlífðarröri. Strengurinn sjálfur er 11kV og um 5 sentimetrar í þvermál. Breidd skurðarins verður um 60 sentimetrar, 20-50 sentimetra djúpur og raskið vegna efnisfærslu úr skurði og aftur ofan í hann að svipaðri breidd.

Framkvæmdaraðili telur að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu það lítil að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Þetta er byggt á því að framkvæmdasvæðið er í mikilli hæð yfir sjávarmáli, fannir liggja á framkvæmdarsvæðinu fram eftir sumri og sýnileiki framkvæmdanna þar með takmarkaður. Gróður í 900 m hæð ber merki legu sinnar og er mjög snauður, aðallega er um að ræða djújamosa í blautum lægðun en landslagið ber með sér ásýnd gróðurlausra mela og stórgrýtis á köflum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er talið að með vönduðum vinnubrögðum verði hægt að koma í veg fyrir rask af framkvæmdinni og ættu ummerkin að hverfa fljótt. Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá ber að forðast að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár og ber að fylgja þeirri málsmeðferð sem þar kveður á um í 37. gr. laganna.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands er undirstrikað að staurabrot, strengir og postulín sem og aðrar leifar af gömlu loftlínunni skulu flutt til byggða og fargað skv. ákvæðum reglugerðar um meðferð úrgangs nr. 738/2003 sem og ákvæðum hollustuháttarreglugerðar nr. 941/2002.

Í svari framkvæmdaraðila er þess getið að ávallt hafi staðið til að fjarlægja allar leifar af línunni samhliða strenglöggninni þó þess sé ekki getið sérstaklega í tilkynningunni um framkvæmdina. Einnig er þess getið að ekki standi til að reisa vinnubúðir eða aðra vinnuástöðu sem krefjast starfsleyfa heilbrigðiseftirlitsins.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að ekki hafi verið gerð fornleifaskráning á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, en vegna þess hversu hátt það er yfir sjávarmáli er vart að vænta að þar séu fornleifar.

Þeir umsagnaraðilar sem gáfu umsögn varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar voru samhljóða að telja að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar og Seyðisfjarðarkaupstaðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagana.

Niðurstaða

Um er að ræða lagningu 11 kV jarðstrengs um 2 km leið um Brekkugjá. Framkvæmdin felst í því að grafa strenginn niður og hylja á viðkomandi kafla yfir háskarðið. Framkvæmdasvæðið liggur á mörkum Fjarðabyggðar og Seyðisfjarðarkaupstaðar og er í um 900 m hæð yfir sjávarmáli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Séu bornir saman þeir valkostir að endurreisa loftlínuna og þá staura sem brotnuðu eða leggja nýjan jarðstreng, bendir allt til þess að áhrif jarðstrengsvalkostsins, umhverfislega séð, séu mun minni til lengri tíma litið og betri kostur en loftlína hvað varðar umhverfisáhrif.

Jarðstrengurinn er fyrirhugaður við línustæði fyrri loftlínu og verðu notast við núverandi línuveg við framkvæmdina. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er gróðurnautt ber landslagið með sér ásýnd gróðurlausra mela og stórgrýtis. Ekki verða um neinar ásýndarbreytingar að ræða við fyrirhugaðar framkvæmdir og þar sem strengurinn liggur í fyrrnefndri hæð taka snjóalög sig seint upp og er sýnileiki rasksvæðisins enn minna en ella þar sem hið raskaða svæði liggur undir snjó stærstan hluta ársins.

Að teknu tilliti til ofangreinda atriða telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu RARIK við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð strenglagning um Brekkugjá sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. janúar 2017.

Reykjavík, 2. desember 2016

Hólmfríður Bjarnadóttir

Ómar Ingbórsson